

Hvernig er hægt að fjarlægja asbest?

► Þegar fjarlægja þarf asbest fer það mjög eftir því um hvaða tegund og hvaða form af asbesti er að ræða hvernig ber að standa að verki. Einvörðungu þeir sem hafa þekkingu og réttindi til verksins mega fjarlægja asbest úr byggingum eða öðrum stöðum. Að því búnu er asbestinu safnað saman og því fargað í samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Merkja ber greinilega þá staði þar sem unnið er við niðurrif á asbesti.

► Í dag er bannað að flytja inn, framleiða eða nota asbest og þess vegna er alveg bannað að láta fólk komast í tæri við asbest nema til að fjarlægja það eða farga því, í þjónustuverkefnum eða við viðhald.

Lögbundnar skyldur atvinnurekenda.

► Aðeins þeir einstaklingar sem hafa þekkingu og réttindi til þess mega vinna við asbest.

► Áður en starfsmenn hefja niðurrif eða viðhaldsstörf ber atvinnurekendum skylda til að safna upplýsingum frá eigendum eða notendum húsakynnanna og hugsanlega einnig með sýnatöku, með það fyrir augum að finna möguleg asbestefni sem þar væru.

► Áður en verk hefst ber að tilkynna Vinnueftirliti um hverja þá starfsemi þar sem starfsmaður gæti komist í tæri við asbestryk.

► Koma þarf með öllum ráðum í veg fyrir að asbestryk myndist á vinnusvæðinu. Koma skal í veg fyrir að asbest dreifist frá þeim stað þar sem unnið er við niðurrif þess.

► Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn hafi aðgang að og noti alltaf persónuhlífar þegar unnið er við asbest.

► Það er mikilvægt að gera verkáætlun áður en byrjað er að rífa niður eða fjarlægja asbest. Þetta þarf að gerast á grundvelli áhættumats á verkinu sem framkvæma skal. Þar verður að skilgreina gerð og umfang asbestmengunar gagnvart starfsmönnum og öðrum sem hún gæti varðað. Verkáætlun ber að senda til Vinnueftirlitsins.

► Allir sem vinna við asbest skulu kynna sér vel þær reglur sem gilda hér á landi um meðferð og notkun á asbesti.


Hægt er að send fyrirspurnir varðandi asbest á netfangið: vinnueftirlit@ver.is



1. útgáfa 2006



**ASBEST ER DAUÐANS ALVARA –
ÍHUGAÐU ÞAÐ!**



**ASBEST ER LÍFSHÆTTULEGT –
EKKI ANDA ÞVÍ AÐ ÞÉR**



**EVROPSKA ASBEST ÁTAKIÐ
2006**

Um átakið

► Á síðari hluta ársins 2006 hefst sérstakt eftirlitsáttak á Evrópska efnahagssvæðinu sem beinist að vinnu með asbest. Markmiðið með því er að vernda heilbrigði starfsfólks þar sem viðhald, niðurrif, brottflutningur eða förgun efna sem innihalda asbest fer fram. Hér á Íslandi verður framkvæmd átaksins á vegum Vinnueftirlitsins.

► Markmið átaksins er einnig að fylgjast með að þeim reglum um asbest sem gilda á svæðinu, sé framfylgt.

► Vinnueftirlitið hefur staðið fyrir upplýsinga- og fræðsluáttaki sl. 2 ár og haldið réttindanámskeið fyrir þá sem vinna við niðurrif á asbesti og verður þeim námskeiðum haldið áfram. Markhópurinn hefur verið heilbrigðiseftirlitsmenn, iðnaðarmenn, byggingafulltrúar, verktakar og verkkaupar sem koma að niðurrifi á byggingum og öðrum mannvirkjum þar sem asbest er til staðar. Í ár verður lögð sérstök áhersla á almennt fræðslu- og upplýsingaáttak með því markmiði að vekja athygli iðnaðarmanna á þeim hættum sem fylgja niðurrifi á asbesti.

Hvers vegna er asbest hættulegt heilbrigði manna?

► Þegar fólk andar að sér asbestryki getur það valdið steinlunga (asbestosis) og krabbameinum í lungum, fleiðruþekju

og víðar. Ekki er vitað um neina lækningu á þessum sjúkdómum.

► Sjúkdómar orsakaðir af asbesti eru lengi að þróast og koma jafnvel ekki fram fyrr en eftir 20-40 ár. Ekki er hægt á grundvelli nýjustu vísindagagna að skilgreina öruggt lágmarksviðmið vegna asbestmengunar. Þess vegna ber að koma í veg fyrir alla mengun frá asbesti.

► Notkun á asbesti hélt áfram að aukast í Evrópu þar til síðla á áttunda áratug síðustu aldar og því heldur þeim áfram að fjölga sem greinast með illkynja sjúkdóma, jafnvel í þeim ríkjum sem fyrst urðu til að banna notkun og sölu á asbesti. Í sumum Evrópulöndum mun fjöldi þeirra sem veikjast af völdum asbests ná hámarki um 2030. Reykingafólk er í margfalt meiri hættu en reyklausir á að fá lungnakrabba tengdan asbesti.

Hvenær var asbest notað og í hvað miklum mæli?

► Milljónir tonna af asbesti voru notuð um alla Evrópu aðallega á árunum 1945 til 1990. Bann við notkun asbests tók gildi á mismunandi tímum í hinum ýmsu Evrópuríkjum. Þann 1. janúar 2005 gekk svo í gildi allsherjARBann við notkun asbests á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hvernig var asbest notað og hvernig kemst fólk í tæri við það?

► Orðið “asbest” er notað yfir nokkrar mismunandi tegundir steinefna sem finnast í náttúrunni. Algengustu gerðir af asbesti eru brúnt asbest (amósít), blátt asbest (krókídólít) og hvítt asbest (krýsótíl). Þessar gerðir af asbesti er að finna í vörum og efnum af ýmsu tagi.

► Mjög breytilegt er hve mikið er af asbesti í einstakri vöru eða efni. Það sem ræður mestu um hættuna á asbestmengun er það hve miklar asbestrefjar eru í efninu og hve auðveldlega þær losna, þ.e. hvort þær séu lausbundnar eða velbundnar. Asbestrefjar geta losnað úr öllum varningi sem inniheldur efnið en líkur á því aukast með aldri vörunnar (t.d. vegna eðlilegs slits og rýrnunar í efninu) og við það að varan skemmist eða verður fyrir tjóni.

► Sem dæmi um efni eða vörur sem innihalda asbest má nefna ýmis byggingarefni s.s. þakklæðningar (plötur, skífur og tígulstein) veggjaklæðningar í húsum og efni í eldvarnarveggjum. Asbest var einnig notað í ýmis gólfefni og gólfllisar og var oft úðað á mannvirki úr stáli og steinsteypu. Efni með asbesti voru mjög algeng í pípulögnum og í tengslum við einangrun á hitakötllum. Asbest var notað þar sem núningsmótstaða myndaðist til dæmis í hemlabúnað og ýmsan vélbúnað og einnig í eldvarnarteppi.